

Landsfundur Kvinnalistsans: 04.4

Reynsla og valddreifing togast á í framboðsmálum

Kvinnalistinn hélt landsfund nú um helgina þar sem rædd voru málefni og framtíð Kvinnalistsans. Á fundinum komu kvinnalistasaknur úr öllum kjördæmum nema Vestfjarðakjördæmi og Norðurlandskjördæmi vestra, þar sem ekki hafa verið stofnaðir kvinnalistaangar.

Guðrún Jónsdóttir starfsmaður Kvinnalistsans sagði þær kvinnalistasaknur vera að undirbúa kosningar og hefði málefnavinna verið í gangi að undanfögnu. Á landsfundinum hefðu kvinnalistasaknur borið saman bækur sínar og samræmt stefnu sína. Fyrirhugað væri síðan að ganga frá stefnuskrá á landsfundi í janúarlök.

Kvinnalistinn hefur nú þegar tilkynnt framboð í Reykjavík, á Reykjanesi og Vesturlandi, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framboð annars staðar. Guðrún sagði mikinn hug í kvinnalistasaknum um allt land og allt gæti gerst í framboðsmálum. Það væri þó algerlega mál „kvinnalistaanganna“ í hverju kjördæmi að taka ákvörðun þar um.

Að sögn Guðrúnar einkenndist landsfundurinn af þeim fjölda kvenna sem sótti fundinn víða af landsbyggðinni. Mikið hefði verið rætt um landsbyggðarmál út frá sjónarhóli kvenna, sérstaklega vandamál þeirra kvenna er störfuðu að landbúnaði.

Nokkur umræða hefur verið meðal Kvinnalistsans um hvort endurnýja eigi í efstu sætum á framboðslistum við alþingiskosningar. Guðrún sagði það togast á hjá kvinnalistasaknum hvort vegi þyngra

reynsla þingmanna Kvinnalistsans, sem staðið hefðu sig svo frábærlega vel, eða það megin markmið að dreifa áhrifastöðum milli kvenna í anda valddreifingar sem væri grunnur Kvinnalistsans. Landsfundurinn samþykkti að vísa þessu máli til kvinnalistaanganna.

Aðspurð um afstöðu kvinnalista-kvenna til orða Jóns Baldvins Hannibalssonar formanns Alþýðuflokksins um að Kvinnalistinn væri óhæfur í ríkisstjórn vegna þess að hann neyddist til að leggja öll mál fyrir landsfund, sagði Guðrún, að ef Jóni Baldvini myndist það ókostur að lýðræðið í stjórnmalasamtökum væri virkt, þá lýsti það best hans eigin vinnubrögðum. Þau vinnubrögð væru honum ekki til sóma. -HM

11/11 '86 Tinnur